

Fundargerð umhverfisnefndar

28. janúar 2019 kl. 13:00

Mætt: Marteinn Bóas, Enok Einar, Ronja, Einar Ási, Stefanía, Freyja, Helena og Þórdís sem ritar fundargerð.

1. Helena byrjar á að bjóða alla velkomna og fer yfir það sem umhverfisnefndin hefur gert í vetur. Farið yfir matarsóunarverkefnið og veggspjaldið skoðað sem gert var í nóvember og desember.
2. Verkefni fundarins er að setja af stað rafmagnssparnaðarverkefninu. Í tvær vikur ætlum við að reyna að gera allt sem við getum til að spara rafmagn / orku. Fulltrúar í umhverfisnefnd eiga að fara í sína bekki og segja frá verkefninu. Rætt um hvað hægt er að gera til að spara rafmagn.
 - a. Slökkva ljós - setja miðann á hurð í augnhæð
 - b. Taka rafmagnstæki úr sambandi eða slökkva á þeim ef ekki er verið að nota þau eða hlaða - mikilvægt að taka t.d. hleðslunúrur úr sambandi því þær taka rafmagn þó svo ekki er verið að hlaða.
 - c. Fullt af öðrum hlutum sem tengjast orkusparnaði sem við ræddum og er að sjá á miða sem Helena sýndi.

Nemendur taka miða með sér eftir fundinn til að setja í stofur.

3. Helena segir frá Gretu Turnberg, fimmtán ára sænskum umhverfisaktivista sem er að vekja athygli á umhverfismálum.

Fundi slitið 13:36

Þórdís